

# Spurningar úr Bridge lögunum

## Verkefni 2

Þetta verkefni er ætlað öllum bridgespilurum sem hafa áhuga á. Síðar verður haldið keppnisstjóranámskeið. Afar gagnlegt er að hafa lokið þessu verkefni áður en það hefst.

Svör við þessum spurningum skulu send í tölvupósti til Vigfúsar Pássonar. Tölvupóstfangi [vip@centrum.is](mailto:vip@centrum.is) Rétt svör verða síðan send til baka.

Svarið öllum spurningum. Öll hjálpargögn eru heimil, nema ekki spyrjast fyrir hjá öðrum.

Tilgreina skal lagagreinar þær sem stuðst er við. Stig eru gefin fyrir rétt svör – ekki langar rigterðir.

Það eru engin tímamörk, en verkefnið ætti að taka nálægt 1 klst.

**Spurningarnar eru settar upp sem Rétt / Rangt (1 stig fyrir rétt svar, 1 stig fyrir rétta lagatílvísun)**

1) Norður gefur sögn, þegar Suður á að gera það.

Suður skal passa það sem eftir er sagna.

<input type="checkbox"/>	RÉTT	<input type="checkbox"/>	RANGT	<input type="text" value="Tilvísun til lagagreina:"/>
--------------------------	------	--------------------------	-------	---

2) Sagnir ganga...

V	N	A	S
1NT	pass	2♥	

Nú missir Vestur ♦A á borðið.

Suður skal passa það sem eftir er sagna.

<input type="checkbox"/>	RÉTT	<input type="checkbox"/>	RANGT	<input type="text" value="Tilvísun til lagagreina:"/>
--------------------------	------	--------------------------	-------	---

3) Vestur / Austur skipta um sæti af því að Austur er viðkvæmur fyrir miklu ljósi og sólin skín sterkt inn um gluggana. Þeir gera það án þess að spyrja keppnisstjóra leyfis.

Það er heimilt.

<input type="checkbox"/>	RÉTT	<input type="checkbox"/>	RANGT	<input type="text" value="Tilvísun til lagagreina:"/>
--------------------------	------	--------------------------	-------	---

4) Í Monrad sveitakeppni án forgefinna spila, vilja spilarar við eitt borðið gefa spil upp á nýtt vegna þess að það var passað út.

Keppnisstjóri heimilar það.

<input type="checkbox"/>	RÉTT	<input type="checkbox"/>	RANGT	<input type="text" value="Tilvísun til lagagreina:"/>
--------------------------	------	--------------------------	-------	---

5)

V	N	A	S
	1NT	pass	2♣
Pass	2♥	pass	4♥
Allir pass			

Austur spilar út ♠A. Áður en Vestur spilar í slaginn óskar hann eftir upprifjun sagna, og þakkar fyrir eftir upprifjun á... Norður-1NT, Suður-2♣.

Er þetta heimilt?.

<input type="checkbox"/>	RÉTT	<input type="checkbox"/>	RANGT	<input type="text" value="Tilvísun til lagagreina:"/>
--------------------------	------	--------------------------	-------	---

6)

V	N	A	S
	1NT	pass	2♥

Nokkrar sekúndur líða. Áður en Suður gefur sögn, kallar Austur á keppnisstjóra og óskar eftir að breyta sögn sinni í 2♦ vegna þess að hann gleymdi því að þeir voru að spila yfirfærslur. Suður hefur ekkert við það að athuga og heimilar það.

Keppnisstjóri heimilar ekki breytingu á sögn.

<input type="checkbox"/>	RÉTT	<input type="checkbox"/>	RANGT	<input type="text" value="Tilvísun til lagagreina:"/>
--------------------------	------	--------------------------	-------	---

7)

V	N	A	S
	1♥	pass	3♥
Pass	4NT	pass	5♦ (RKCB 1 eða 3)
Pass	5NT	pass	5♥ (Ætlað að sýna 2 kónga)

Heimilt er að breyta í 6♥ til að sýna 2 kónga.

<input type="checkbox"/>	RÉTT	<input type="checkbox"/>	RANGT	<input type="text" value="Tilvísun til lagagreina:"/>
--------------------------	------	--------------------------	-------	---

8) Austur er gjafari. Norður opnar á 1♠ utan réttar raðar. Austur opnar á 1♥. Hann tók ekki eftir 1♠ sögninni og hélt að hann væri að opna á 1♥.

Keppnisstjóri úrskurðar að hér sé um ófullnægjandi sögn að ræða hjá Austri.

<input type="checkbox"/>	RÉTT	<input type="checkbox"/>	RANGT	<input type="text" value="Tilvísun til lagagreina:"/>
--------------------------	------	--------------------------	-------	---

9)

V	N	A	S
1NT	dobl	pass	dobl
Redoblpass		2♣	

Kallað er á keppnisstjóra þegar Austur segir 2♣.

Sagnir halda áfram eins og ekkert hafi í skorist.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

10) Suður er sagnhafi í 3NT. Í slag 3 á hann að spila að heiman, en hann óskar eftir ♠A í blindum. Blindur segir sagnhafa að hann eigi að spila að heiman, svo hann spilar ♠6 að heiman.

Blindur má gera þetta.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

11) Suður spilar 4♥. Í slag 3 spilar hann ♥5 og Vestur spilar ♥3. Hann biður um ♥A en blindur spilar ♥8. Austur spilar ♥9 og á slaginn. Austur spilar út ♠A í slag 4.

Slag 3 er lokið og Austur spilar næst út.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

12) Suður er sagnhafi í 3NT. Í slag 8 spilar hann hjarta frá blindum, sem kostar ásinn hjá vörninni. Suður spilar bæði ♥J og ♥10 að heiman í slaginn, án þess að taka eftir því. Í slag 13 á sagnhafi slaginn, en hann tekur þá eftir að hann á ekkert spil til að spila í slag 13.

Útspilið flyst til Vesturs í slag 13.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

13) Suður er í vörn með ♦K ♦7 sem 2 refsispil. Hann á að spila út.

Sagnhafi (Vestur) getur valið um hvoru spilinu skal spila.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

14) Suður spilar 4♥. Hann tekur trompin, en Austur spilar ekki sínu síðasta trompi í síðasta tromp slaginn. Í slag 6 leggur Suður upp og segist eiga rest. Austur og Vestur samþykkja það báðir og Austur sýnir spil sín. Síðasta trompið kemur þá í ljós.

Litarsvik Austurs eru ekki staðfest.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

15)

V	N	A	S
1♥	pass	3♠	double

Austur segir. Ég ætlaði ekki að segja 3♠, Ég ætlaði að segja 3♥. Keppnisstjóri metur það svo að hér sé um óviljandi sögn að ræða og heimilar Austri að breyta sögninni í 3♥. Suður breytir síðan doblu sínu í pass.

Að Suður doblaði 3♠ eru óheimilar upplýsingar fyrir Norður.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina:

16) Spilað er með forgefnum spilum, Suður sem sagnhafi spilar ♣10. Vestur spilar einnig ♣10. Keppnisstjóri kannar málið og kemst að því að ♣10 suðurs hafði verið skipt út fyrir ♣8 í næsta spili á eftir. Öll önnur spil eru rétt.

Keppnisstjóri úrskurðar að ekki sé hægt að spila spilið og gefur 60% til beggja paranna.

RÉTT

RANGT

Tilvísun til lagagreina: